

Vestmannaeyjar 30. ágúst 2023

Umhverfis og skipulagsráð Vestmannaeyja
Skildingavegur 5
900 Vestmannaeyjar

Við undirrituð, nágrennar Strandvegs 51. Vísun í meðfylgjandi bréf ritað 7. júní 2022.

Undirritaðir fara fram á að lögum sé fylgt við breytingu á skipulagi við Strandveg 51. Lög um skipulagsmál segja að eitt bílastæði á eigin lóð skuli fylgja hverri íbúð. Verði ekki farið að þessum lögum verður skipulagið kært til úrskurðarnefndar skipulagsmála.

Virðingarfyllst

Halgrímur Þórunnaldsson Strandveg 49,
130859.4889.

Maqnis cp Maqminson 050161-3319 Þerjöllogaba 5B
Guðm. R Gunnarsson 280152-4129 Þerjölloga 2
Stefan Birgini 020359-5999 Þerjölloga 4.

Laegt fram aftur af íbúum í Nágreni
Strandvegur - 51 30/ágúst 2023.

Vestmannaeyjum 7. Júní 2022

Umhverfis og skipulagsráð Vestmannaeyja
Skildingavegi 5
900 Vestmannaeyjar

Efni: Mótmæli vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar húss við Strandgötu 51

Við undirrituð, nágrennar Strandvegs 51 í Vestmannaeyjum viljum með bréfi þessu mótmæla fyrirhuguðum byggingarframkvæmdum á þessum byggingarreit með eftirfarandi rökum:

Umfang hússins

Ljóst er að ætlunin er að byggja sem mest á þessum reiti. Fyrir örfáum árum hefði slíkt talist óhugsandi vegna reglna sem í gildi voru varðandi hæð húsa í Vestmannaeyjabæ. Með byggingum á Vigtar og Fiskiðjureit var þessi regla brotin, þó svo að það hefði engin sjónmengandi áhrif vegna staðsetningar þeirra húsa. Öðru gildir um húsið að Strandvegi 51, sem er umkringgt íbúðarhúsum sem þar hafa staðið í áratugi. Ætlunin er að nýta lóð hússins til hins ýtrasta án þess að nokkuð tillit sé tekið til nágrenna sem margir hafa búið þar um áratuga skeið og sjá nú fram á verðfall á eignum sínum vegna framkvæmdanna.

Grunnur hússins

Húsið að Strandvegi 51 var byggt kringum 1950, þegar eftirlit með húsbyggingum var mjög áfátt. Leyfi þurfti til kaupa á sementi og steypustyrktarjárn. Húsbyggjendur reyndu eftir fremsta megni að spara þessa munaðarvöru með tilheyrandi veikingu veggja húsa. Aðgangur að vatni var af skornum skammti og því fjöldi húsa byggð úr blöndu sements og sjós.

Á þeim tíma var steypustyrktarjárn af skornum skammti, og brugðu menn oft á það ráð að notast við gamla nogvíra í gólfplötur milli hæða og gólfplötur á fyrstu hæð báru ekki rétt járn, hvað þá að gólf væru einangruð. Undir gamla hluta hússins eru ekki sökklar, hvað þá flotsökklar til að dreifa þunganum á jarðveginn.

Þriðja hæðin

Öll áform um byggingu þriðju hæðarinnar ofan á Tövlun bera þess merki að fara á sem ódýrastan hátt fyrir húsbyggjanda og engu fórnað af fyrstu hæð hússins. Segja má að byggingarreglugerð sé sniðgengin og vitnað í fordæmi þar sem ekki er gerð krafa um að minnsta kosti eitt bílastæði sé fyrir hverja íbúð á lóð hússins.

Með því að leyfa svo stórt hús ofan í veitingastarfsemi þar sem ríkjum munu ráða átta kóngar í átta íbúðum rýrast möguleikar veitingahússins Canton til að reysa tjald sem ég hef sótt um á lóð minni til muna, sem hugsanlega hafa ekki verið samþykkt vegna áforma um byggingu ofan á hús Tölvunar.

Nágrennar og bílastæði

Nú þegar eru bílastæði við Strandveg og Herjólfsgötu af skornum skammti. Benda má á að við Herjólfsgötu stendur hótél sem þegar á í vanda með bílastæði. Með tilkomu hússins að Strandgötu 51 fækkar bílastæðum við Herjólfsgötu um þrjú þar sem innkoma í bílskúra hússins munu teppa þau stæði. Þarna er ruddalega gengið á rétt eigenda hótelsins.

Auðséð er á fyrirliggjandi kynningarefni að þrengja á enn meir að Herjólfsgötu til að liðka fyrir bílastæðavanda hússins væntanlega. Slíkt gerir aðkeyrslu fólksflutningabifreiða að hótél Hamri nánast að engu.

H.R.
M.P.M.

Benda má á að í næsta nágrenni er húsnæði listamanna sem þegar teppa fjölda stæða í nágrenninu. Oddfellow reglan fundar í sínu félagsheimili tvisvar í viku og þá hefst dansinn um hver fær bílastæði og hver ekki.

Af ofangreindu má sjá að þegar eru vandræði með bílastæði í nágrenni húss Tölvunar og ekki á það bætandi.

Samkvæmt lögum er ekki leyfilegt að úthluta bifreiðastæðum á annari lóð en þeirri sem húsi tilheyrir, jafnvel þó húsin séu í eigu sama aðila, með tilliti til síðari eigenda þegar þar að kemur.

Lóðamörk

Gagnrýna má umhverfis og skipulagsráð fyrir þá yfirsjón að láta geta ekki lóðamarka nálægra húsa í kynningarefni. Lóð Strandvegs 49 nær að eyrsti vegg Strandvegs 51. Eigandi veitingahússins Canton óskaði eftir leyfi til að reysa tjald á þessari lóð sinni í vetur, en var hafnað vegna eldvarna íbúðarhússins Fagurhóls, þó stýðsta leið að brunahana í nágrenni þess húss sé frá Miðstræti. Aftur á móti er á kynningarteikningu skipulagsráðs gert ráð fyrir sorpgeymslu sunnan Strandvegs 51, þar sem væntanlega á að sækja sorpið gegnum lóðina sem tjaldinu var ætlað. Lóð veitingahússins sem sagt. Auðséð er á teikningu lóðamarka að bærinn ætlar að láta af hendi lóð milli Herjólfsgötu 5 og Strandvegs 51, sem veldur því að bílageymsla hússins verður byggð þétt upp að tröppum hússins að Herjólfsgötu 5. Fer þar lítið fyrir 3ja metra reglunni, en auðséð er að reglan um Jón og séra Jón er þar í hávegum höfð.

Skuggahverfi Vestmannaeyja

Með byggingu fjögurra hæða húss á reit Tölvunar minnka möguleikar veitingahússins Canton til muna að bjóða gestum sínum upp á útiaðstöðu þegar veður leyfa, en húsið kemur til með að teppa þá fáu sólargeisla sem hingað leita.

Af þessu bréfi mætti ætla að við höfum allt á hornum okkar varðandi byggingar ofan á hús Tölvunar. Því fer fjarri, en sú tillaga sem hér liggur fyrir teljum við vera langt umfram það sem eðlilegt má teljast. Það er eindreginn vilji okkar sem undir þetta bréf ritum að fulltrúar umhverfis og skipulagsráðs fundi með okkur með það í huga að fundin verði lausn á þessu máli.

Virðingarfyllst,

Jónas Gunnarsson Þógnvaldsson Strandveg 49.
1308594889

Mognir cp Mognir 050161-3319 Herjólfsgata 5B
Guðm. R. Gunnarsson 280152-4129 Herjólfsgata 2
Sleifur Þing 020358-5999 — 11 — 4